

STJÓRNARFUNDUR BSÍ

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: Matthías Imsland	Fundur nr. :	4
Fundarritari: Sigurður Páll Steindórsson	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir: Brynjar Níelsson (BN) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Gunnar Björn Helgason (GBH) Gunnlaugur Karlsson (GK) Hrannar Erlingsson (HE) Matthías Imsland (MI) Sigurður Páll Steindórsson (SPS)	Dagsetning:	6.7.2022
	Frá kl.:	
	Til kl.:	
	Næsti stjórnarfundur: Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Engar athugasemdir voru við fundargerð síðasta fundar. Fundargerðir eru vistaðar á bridge.is.
2	<u>Landsliðsmál</u> GK gaf skýrslu um árangur landsliðsins í opna flokki EM. Eins og kunnugt er var árangur liðsins undir væntingum. GK fór yfir mótið og hvað fór úrskeiðis. Allir fundargestir voru sammála um að grípa þurfi betur utan um landsliðin fyrir næstu verkefni. GBH gaf skýrslu um árangur kvennaliðsins á EM. Árangurinn var svipaður og við var búist en eftirtektarvert er hversu marga impa liðið gaf út í síðustu spilum hvers leiks. Bendir það til að úthaldið hafi ekki verið nægilega gott. GBH sagði fulltrúa kvennaliðsins hafa komið vel fram á mótinu og almennt verið landi og þjóð til sóma. Stefnt er að því að auglýsa eftir pörum í næstu landsliðsverkefni í ágúst og að æfingar og undirbúningur fari fram yfir allan veturinn. Landslið verði svo valið í byrjun febrúar. MI er að útfæra nýjar reglur fyrir landsliðsverkefni og kynnir á næsta stjórnarfundu.
3	<u>Rekstur</u> MI fór yfir rekstrarstöðuna og er hún almennt óbreytt frá síðasta fundu, almennt er staða sambandsins góð en skammtíma fjárstreymi erfitt vegna Covid og landsliðsverkefna á árinu. BN er í viðræðum við fyrirtæki um að vera aðalstyrktaraðili BSÍ til framtíðar.
4	<u>Þjónustusamningur</u> MI sagði frá viðræðum við Menntamálaráðuneyti.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
5	<p><u>Covid-styrkur</u></p> <p>Auglýstur hefur verið nýr styrkur og á bridgesambandið möguleika á að sækja um styrk fyrir tímabilið júlí 2021 til febrúar 2022. Bridgesambandið hefur ekki fengið neina Covidstyrki og lýsti stjórn undrun á því hve mikil slagsíða virðist vera innan ráðuneytis hvaða félög skuli styrkja. Þannig hefur Bridgesambandið ekki möguleika á að sækja um styrki fyrir tímabil þar sem sambandinu gat ekki haldið úti starfssemi vegna aðgerða yfirvalda.</p>
6	<p><u>Bridgeskólinn</u></p> <p>MI og GPA hafa sett saman nýja áætlun fyrir Bridgeskólann næsta vetur. Bætt verður við sérstökum spilakvöldum Bridgeskólans sem koma í kjölfar námskeiða á haust- og vorönn. Fundargestir lýstu almennri ánægju með þessi áform.</p> <p>Í skoðun er að vera með bridgekennslu miðlægt í samstarfi við framhaldsskóla sem metin væri til eininga.</p>
7	<p><u>Samstarf við Hringbraut</u></p> <p>Áhugi er fyrir því hjá sjónvarpsstöðinni Hringbraut að vera með þætti um bridge. Hugmyndin er að hafa sex þætti sem hver væri um klukkustundar langur. Enn á eftir að finna styrktaraðila fyrir þættina og gæti þetta verið liður í að fá aðalstyrktaraðila fyrir BSÍ.</p> <p>MI og BN reyna að ýta málinu áfram.</p>
8	<p><u>Starf fram undan</u></p> <p>Bikarkeppnin er í fullum gangi og umf. 1 er að klárast.</p> <p>Ný heimasíða fyrir Bridgehátíð er í vinnslu. Ætlunin er að auglýsa mótið á BBO og á erlendum mótum þegar heimasíðan er tilbúin.</p> <p>Northern Lights mótið fer fram á Siglufirði í byrjun september og Afmælistmót Skúla Sveinssonar helgina á undan á Borgarfirði Eystri.</p> <p>Sumarbridge í Síðumúlanum hefur gengið ágætlega, góð þátttaka á miðvikudögum en mun síðri á föstudögum.</p>